



Til bæjarráðs

Kópavogi, 2. mars 2021
1910462/510.03**Glaðheimar - vesturhluti. Breytt deiliskipulag.**

Vegna umræðu í bæjarstjórn Kópavogs 23. febrúar sl. um tillögu að breyttu deiliskipulagi Glaðheima vesturhluta taldi undirritaður ástæðu til þess að rýna framlögð gögn er varða fjölda íbúða á skipulagssvæðinu. Við yfirferð kom í ljós misræmi í þeim gögnum sem stuðst var við útreikning á núverandi stöðu íbúðafjölda í Fífuhvammí og sett er fram í umsögn Skipulagsstofnunar dags. 18. desember 2020 og höfð var til grundvallar við endurskoðun tillögunnar þar sem íbúðum var fækkað úr 270 í 242 í samræmi við ábendingar Skipulagsstofnunar í ofangreindri umsögn og fram kom í tölvupósti dags. 14. janúar 2021.

Neðangreind tafla greinir frá breytingum á heildarfjölda samþykktra íbúða í Glaðheimum austurhluta.

Deiliskipulag dags. 10. nóvember 2009	245 íbúðir
Breytt deiliskipulag dags. 30. maí 2014	296 íbúðir
Breytt deiliskipulag dags. 30. desember 2015	318 íbúðir
Breytt deiliskipulag dags. 3. febrúar 2017	326 íbúðir
Breytt deiliskipulag dags. 26. júní 2018	327 íbúðir
Breytt deiliskipulag dags. 14. desember 2018	341 íbúð

Í ofangreindri endurskoðun hefur láðst að reikna nýjustu deiliskipulagsbreytingar inn í heildarfjölda íbúða á skipulagssvæðinu.

Í ljósi þess er óskað eftir að samþykkt bæjarstjórnar sé afturkölluð og skipulagsdeild gert kleift að leggja fram nýja endurskoðaða tillögu sem samræmist tillögu að nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2020.

Virðingarfyllst,